

14. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

26. nóvember 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:30

Mætt eru: Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Una Hildardóttir (UH), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ) og Inger Erla Thomsen (IET), ásamt Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

Fundur settur 18:51

Fundarstjóri: LMJ

Dagskrá:

IET gerir athugasemd við að vinnureglum sé ekki fylgt nægilega vel eftir og stjórnarmenn boði ekki forföll. IET óskar eftir að gera breytingatillögu á vinnureglum þess efnis. LMJ setur málið á dagskrá undir önnur mál.

1. Fundargerðir til umræðu og samþykktar:

- [Fundargerð](#) 12. stjórnarfundar var samþykkt.
- [Fundargerð](#) 13. Stjórnarfundar var samþykkt.
- [Fundargerð](#) 3. Fulltrúaráðsfundar var samþykkt.

2. Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:

- TI fer á COP í Katowice 11.-14. desember.
- Verkefnalisti fyrir stjórn er tilbúinn.
- TI leggur til að LUF innleiði Facebook Workplace.
- TI fer í jólafrí 21. desember - 6. janúar.
- Fjárstyrksbeiðni fyrir skuggaþingi hefur verið send á HH.

3. Heimsókn frá doktorsnemum: Ákveðið var að TI og LMJ taki á móti þeim og veiti kynningu á starfsemi LUF.

4. Fundur með mennta- og menningarmálaráðuneytinu er 6. desember kl. 11: Ákveðið var að TI, LMJ, MÖÓ og UH sækji fundinn. Þau funda um gögnin sem LUF þarf að leggja fram og setja saman beiðni um endurskoðun samnings um rekstrarframlag.

5. Húsnæðismál: Ákveðið var að fylgja Hinu Húsinu, að því gefnu að það verði möguleiki á að fjölga aðildarfélögum í húsinu. LUF er í leit eftir framtíðarlausn fyrir félagið og aðildarfélög þess.

6. Tengslaviðburður: LMJ segir frá niðurstöðum fundar skipulagsnefndar. Ákveðið var að IET taki við ábyrgð á viðburði í umboði stjórnar.

7. Leiðtogaskólinn: Fjallað var um næstu skref og mögulega tímasetningu á næsta ári. Stjórn var sammála því að október reyndist góður tími. Ákveðið var að útbúa reglugerð sem einkonar umgjörð fyrir starfsemi skólans þar sem fulltrúaráð hefur ákveðið að bjóða upp á nýja námsleið. Drög að reglugerð skal fara fyrir 4. fulltrúaráðsfund.

8. Kærumálið: LMJ ber ábyrgð á málinu og mun fylgja því eftir fyrir lok starfsárs.

9. Alþingismál:

- Á 11. fundi 20. september undir lið nr. 5.a. var rætt um [fjárlagafrumvarpið](#), málefnasvið 18.4 um „æskulýðsmál“. Ákveðið var að gera athugasemdir við það ef tími gefst, einkum varðandi aðkomu ungs fólks að stefnumótun.

- b. IET tók að sér að gera drög að umsögn um [tillögu til þingsályktunar](#) um stofnun lýðháskóla UMFÍ á Laugarvatni.

10. 4. Fulltrúaráðsfundur er áætlaður 15. janúar:

- c. Fundarboð þarf þá að fara út 13. desember.
- d. Gögn sem fara fyrir ráðið fyrir sambandsþing verður ákveðið á 15. fundi:
 - i. UH leggur fram drög að verk- og vinnulagsreglum alþjóðanefndar.
 - ii. Stjórnmalanefnd? Sbr. ákvörðun í lið 6.3.2 á 3. fulltrúaráðsfundi.

11. Næstu stjórnarfundir:

- a. 15. Stjórnarfundur: 9. janúar.
- b. Vinnuhelgi 18.-20. janúar + 16. stjórnarfundur
- c. 17. Stjórnarfundur: Í byrjun febrúar.

12. Önnur mál:

- a. UH óskar eftir öðrum fundardögum en mánudaga.
- b. IET leggur fram tillögu að viðbót við vinnureglur stjórnar, tillögurnar voru samþykktar og eru eftirfarandi:

1.1. Fundarseta

Ef stjórnarmeðlimur í stjórn sér sér ekki fært að mæta á stjórnarfund skal sá hinn sami boða forföll til allra stjórnarmeðlima á viðeigandi miðli a.m.k. tveimur klukkustundum áður en fundur hefst.

1.2. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar, stjórnar- og/eða fulltrúaráðsfundar, skal ávallt vera samþykkt í byrjun hvers stjórnarfundar af meirihluta stjórnar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 21:00

UH ritaði fundargerð.